

Fimmtudaginn 12. desember 1996.

Nr. 245/1996.

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja

(Helgi Jóhannesson hrl.)

gegn

Grétari Guðjónssyni

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

og gagnsök

Skaðabætur. Öryggi á vinnustöðum. Örorka. Miski.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1996, og krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður á báðum dómstigum verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 3. júlí 1996, og eru endanlegar kröfur hans þær, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 4.765.500 krónur með 1% ársvöxtum frá 31. maí 1992 til 11. maí 1993, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er greint frá málsatvikum. Fallist er á þá niðurstöðu dómsins, að aðaláfrýjandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi á tíma-bili því, sem hér um ræðir, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir heyrnarskemmdir og skaðleg áhrif af völdum hávaða í starfsstöð sinni. Ber hér einkum að líta til 7., 8., 10. og 14. gr. þágildandi reglna nr. 478/1985 um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna, en reglur þessar voru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Að þessu athuguðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Aðaláfrýjandi verður dæmdur til greiðslu málskostnaðar í Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, greiði gagn-áfrýjanda, Grétari Guðjónssyni, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 27. mars 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. mars 1996, var höfðað með stefnu, sem lögmanni stefnda var afhent afrit af 10. ágúst 1994, og þingfestri 14. september sama ár.

Stefnandi er Grétar Guðjónsson, kt. 301043-7919, Nökkvavogi 2, Reykjavík.

Stefndi er Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, kt. 531278-0469, Vesturbraut 10 a, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda.

Þess er krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 4.827.425 kr. auk 1% ársvaxta frá 31. 5. 1992 til 11. 5. 1993, en með 6% ársvöxtum frá þ. d. til 11. 6. 1993, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingu frá þ. d. til greiðsludags.

Þess er krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt mati dómsins í samræmi við hagsmuni málsins, vinnu málflytjanda og annan kostnað af málinu, sbr. fram lagðan málskostnaðarreikning.

Þess er jafnframt krafist, að dæmt verði, að dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól fjárkröfu og málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 11. 6. 1994 og svo árlega þann dag.

Dómkröfur stefnda.

Aðallega er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. mati dómsins, sbr. fram lagðan málskostnaðarreikning.

Til vara er gerð krafa um, að fjárhæð skaðabóta verði lækkuð verulega frá umkrafinni fjárhæð stefnanda og málskostnaður þá felldur niður.

Sættir voru reyndar án árangurs.

II.

Stefnandi, Grétar Guðjónsson, er fæddur í Reykjavík 30. október 1943. Hann lauk barnaskólaprófi, þegar hann var 13 eða 14 ára gamall, en hefur ekki eftir það lagt stund á frekara nám. Að loknu barnaskólaprófi fór hann að vinna í fiski. Frá 1957 til 1969 stundaði stefnandi sjómennsku á smábátum á sumrin, en vann vetrarmánuðina í byggingarvinnu sem verkamaður eða við bílaviðgerðir á verkstæðum.

Frá 1969 til 1974 starfaði hann sem bifreiðastjóri hjá fiskvinnslufyrirtækinu Sjöstjörnunni hf. í Njarðvík. Á áttunda áratugnum vann hann sem háseti á togurum, en starfaði auk þess eitthvað að bílaviðgerðum. Á þessu tímabili starfaði hann einnig við útkeyrslu hjá Skeljungu hf. í Njarðvík og nágrenni. Frá 1974 til 1977 vann stefnandi í skipasmíðastöð Guðmundar Lárussonar á Skagaströnd. Frá 1980 vann hann sem háseti um eins árs skeið á skipi hjá SÍS og í tvö ár í Hraðfrystihúsi Keflavíkur við fiskflutninga. Árið 1982 hóf hann aftur störf við akstur hjá Sjöstjörnunni hf. og vann þar allt til 1987, er hann hóf störf hjá stefnda. Á þessu síðasta tímabili vann hann einnig aukavinnu við akstur hjá Friðriki Ívarssyni og Miðnesi hf.

Stefnandi hóf störf hjá stefnda sem verkamaður í október 1987 þar til í maí 1992.

Í stefnu segir eftirfarandi: „Þeir vinnustaðir, sem stefnandi vann á, áður en hann hóf störf hjá stefnda, voru ekki hávaðasamir. Það skal sérstaklega tekið fram, að stefnandi hefur aldrei unnið við bílasmíðar, eins og fram kemur í læknisvottorði Friðriks Páls Jónssonar, dags. 18. 1. 1993. Hjá stefnda vann stefnandi ávallt í verulegum hávaða, en starf hans var fólgið í því að líta eftir blásurum og mótorum. Var hann mest við þrif, smurningu og viðgerðir.

Starfsemi stefnda fylgir mikill hávaði. Í apríl 1992 vann Sigurður Karlsson hávaðamælingu í sorpeyðingarstöð stefnda, og var niðurstaða hans sú, að þeir starfsmenn stefnda, sem unnu við viðhald og eftirlit, hefðu orðið fyrir meðaltalshávaða yfir leyfilegum mörkum og einnig fyrir hávaðatoppum yfir leyfilegum mörkum.

Við skoðun Vinnueftirlits ríkisins á starfsemi stefnda 25. apríl 1984 var gerð athugasemd um skort á hávaðaeinangrun og fyrirtækinu sett fyrirmæli um úrbætur innan stutts frests. Var þar um að ræða ítrekuð fyrirmæli frá 1979 og 1982. Fyrirmælunum var ekki fylgt, og var starfsemin í sama fari við hávaðamælingu 1992 og hún var árið 1984.

Hinn 6. nóvember 1991 skoðaði vinnueftirlitið starfsemi stefnda að nýju og mælti fyrir um, að leitað skyldi allra leiða til að minnka hávaða í vélasal

og í nánar tilgreindum hávaðavöldum í vinnurými starfsmanna. Þrátt fyrir þessi tilmæli var úrbótum ekki sinnt af hálfu stefnda.

Frá því að stefnandi hóf störf hjá stefnda þar til um áramót 1991-1992, var starfsmönnum ekki útvegaður viðeigandi hlífðarbúnaður vegna hávaðans. Eftir þann tíma voru útvegaðir eyrnatappar. Öryggishjálmar með heyrnarhlífum voru ekki útvegaðir, fyrr en slys varð í stöðinni árið 1992.

Hinn 15. apríl 1992 segir í eftirlitsskýrslu frá vinnueftirliti, að samkvæmt framangreindri hávaðamælingu Sigurðar Karlssonar sé við verulegan hávaðavanda að etja. Því sé brýnt að leita leiða til að draga úr hávaðamyndun og -dreifingu, svo sem unnt sé.

Á fyrsta ári, eftir að stefnandi hóf störf hjá stefnda, fór stefnandi að finna fyrir heyrnarskerðingu. Hann 6. september 1988 leitaði hann til Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands. Heyrnarmæling, sem gerð var þann dag, sýndi mjög mikla heyrnarskerðingu á hægra eyra. Að nýju fór stefnandi í lækningu og heyrnarmælingu 9. nóvember 1989, og sýndi mælingin, að heyrn hans hafði versnað verulega á báðum eyrum, en áfram var hægra eyra lakara. Stefnandi kom í þriðja sinn á Heyrnar- og talmeinstöð Íslands 21. september 1992 í mælingu og lækningu, og voru niðurstöður þá mjög svipaðar síðustu mælingu á undan.

Í bréfi Friðriks Páls Jónssonar, læknis við Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, dags. 10. mars 1992, til stefnanda segir hann heyrnarskerðinguna vera af völdum langvarandi vinnu í hávaða, og í bréfi sama læknis, dags. 18. janúar 1993, til lögmanns stefnanda segir hann það vera augljóst, að heyrnarskerðingu stefnanda megi væntanlega að miklu leyti rekja til vinnu í hávaða, sem sé að minnsta kosti að nokkru leyti til komin á því tímabili, er hann vann í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Loks segir þessi sami læknir í bréfi til lögmanns stefnanda, dags. 4. febrúar 1993, að fengnum frekari upplýsingum, að ekki verði öðrum hávaða um að kenna en þeim, sem stefnandi hafi orðið fyrir, þegar hann vann í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja.

Sigurður Stefánsson læknir skoðaði stefnanda 11. mars 1994, og tölvusneiðmynd var tekin af höfði stefnanda 24. mars 1994. Í niðurstöðu sinni, dags. 6. maí 1994, segir Sigurður, að vafalítið verði að telja, að hávaðamengun í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja eigi að minnsta kosti verulega sök á heyrnarskerðingu stefnanda.

Í greinargerð stefnda eru margvíslegar athugasemdir gerðar við framangreinda málavaxtalýsingu stefnanda. Þar er því haldið fram, að heyrnarhlífir hafi verið tiltækar fyrir starfsmenn stefnda allan starfstíma stefnanda og jafnframt hafi yfirmenn á hverjum tíma brýnt fyrir starfsmönnum að nota viðeigandi öryggisbúnað. Er m. a. í því sambandi bent á gögn frá Vinnu-

eftirliti ríkisins vegna slyss í stöðinni 31. janúar 1990, en á þeim megi glöggst sjá, að sá, sem fyrir slysi varð, hafi borið öryggishjálmm með heyrnarhlífum. Þá er yfirlýsingu stefnanda og tveggja annarra starfsmanna stefnda á dskj. 4, dagsettri 29. 2. 1992, um skort öryggisbúnaðar mótmælt. Athygli er vakin á ósamræmi, sem víða komi fram í sóknarskjölum, um hlífðarbúnað. Þá er og á því vakin athygli, að á tímabilinu 1. 8. 1988 til 31. 10. 1990 hafi stefnandi gegnt starfi vaktstjóra hjá stefnda í alls sextán mánuði. Vaktstjóri hafi stöðu verkstjóra í skilningi IV. kafla b laga nr. 46/1980, og hafi stefnandi sjálfur þann tíma borið ábyrgð f. h. stefnda á því að brýna fyrir starfsmönnum, að þeir notuðu öryggisbúnað þann, sem tiltækur var, og hafi hann auðvitað átt að vera fyrirmynd annarra starfsmanna í þeim efnum. Þá er mótmælt þeirri staðhæfingu stefnanda, að hann hafi „ætið“ unnið í verulegum hávaða.

Stefndi mótmælir því, að skýrslur Vinnueftirlits ríkisins hafi þýðingu í málinu um heyrnartjón stefnanda. Eina skýrslan, er taki til ástandsins, sem ef til vill var, áður en heyrnartjón stefnanda hugsanlega varð, sé skýrsla frá árinu 1984. Þar séu einu athugasemdirnar um hávaða þær, að einangra þurfi hurð og vegg á verkstæði. Þá komi fram í hávaðamælingu frá árinu 1992, að meðaltalshávaði á verkstæði hafi verið 82,9 Leq dB. (A), þegar mæling var gerð, sem sé undir settum viðmiðunarmörkum. Þessi hávaði hafi mælst, eftir að hávaði í stöðinni jókst árið 1990. Fyrir liggi hins vegar, að hávaði í stöðinni hafi a. m. k. árið 1992 og líklega árið 1991 verið orðinn umfram það, sem æskilegt megi teljast. Fullyrðingu í stefnu, að starfsemin hafi verið í sama fari við hávaðamælingu 1992 og hún hafi verið 1984, sé því mótmælt. Í skýrslu eftirlitsins frá 6. 2. 1990 séu hins vegar engar athugasemdir gerðar við hávaða í stöðinni. Þá komi hvergi fram í skýrslum Vinnueftirlits ríkisins athugasemd um skort á hlífðarbúnaði starfsmanna. Vakinn er athygli á því, að í ársbyrjun 1990 hafi verið gerð talsverð breyting á rekstraraðferðum í brennsluofni stöðvarinnar, blásarar færðir til og þeim breytt, en þetta hafi leitt af sér töluverða aukningu á hávaða í stöðinni.

Í greinargerð stefnda er fjallað um þróun heyrnartjóns stefnanda og læknisvottorð, sem fram hafa verið lögð í málinu. Þar komi fram, að heyrnarskerðing stefnanda hafi að mestu leyti orðið eftir u. þ. b. 11 mánaða starf hjá stefnda, sbr. mælingu 6. 9. 1988, nokkur skerðing hafi orðið, er næsta mæling fór fram 9. 11. 1989, en að við mælingar á heyrn stefnanda eftir það komi sáralitlar breytingar á heyrn hans fram. Þessi þróun heyrnarskaðans vekur upp verulegar efasemdir um orsakir hans. Telur stefndi því, að stefnandi hafi þegar við ráðningu til stefnda verið með umtalsverða heyrnarskerðingu.

III.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins í kjölfar almenns eftirlits í starfsstöð stefnda, dagsettri 6. febrúar 1990, segir í tölulið 9: „Andlitshlífar skulu vera til staðar ásamt öðrum nauðsynlegum persónuhlífum eftir eðli starfsins.“

Í skýrslu sömu stofnunar, dagsettri 6. nóvember 1991, segir í tölulið 4: „Leita skal allra tiltekinna leiða til að minnka hávaða í vélasal, blásaramstæðum, vökvadælubúnaði og öðrum hávaðavöldum í vinnurými starfsmanna. Skammtíamæling bendir til 93 til 103 db. (A) leq. Bent er á aðstoð VER við mælingar.“

Hinn 6. apríl 1992 var mældur hávaði, sem starfsmenn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja urðu fyrir við vinnu sína. Í lokaorðum skýrslunnar segir m. a.: „Markmið reglna nr. 478/1985 um „hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna“ er, að meðaltalshávaði miðað við 8 stunda vinnudag fari ekki yfir 85 dB (A) í íslenskum fyrirtækjum.“ Þar segir einnig, að þar, sem hávaði verður 110 dB(A) eða meiri, skuli starfsmenn bera heyrnarhlíf af viðurkenndri gerð, sem atvinnurekandi lætur starfsmönnum í té að kostnaðarlausu.

Starfsmenn í viðhaldsvinnu og eftirliti urðu fyrir meðaltalshávaða yfir fyrrgreindum mörkum og einnig fyrir hávaðatoppum yfir 110 dB(A). Skyldu starfsmennirnir því við óbreytt ástand bera heyrnarhlíf eða eyrnappa við vinnu sína skv. reglunum.

Ljóst er, að hávaði er langmestur í ofnhúsi. Þar eru tveir blásarar áberandi háværir. Annars vegar er það svokallaður undirblásari á 1. hæð og stokkurinn frá honum að ofninum. Þessi blásari dælir miklu magni af lofti m. v. stærð. Lögnin frá honum er grönn og í henni mikill titringur, sem framkallar hávaða. Á henni eru einnig krappar beygjur, sem auka titringinn. Stærri og jafnframt hægengari blásari og stærri stokkur með mýkri beygjum yllu án efa mun minni hávaða. Önnur leið er að draga úr hávaða frá undirblásaranum með því að byggja utan um hann og stökkinn.

Annar hávær blásari er ofan við ofninn (kælibleisari). Þar er loftinntak inni í ofnhúsinu, og kemur hvinurinn einkum frá því. Með því að framlangja inntakið út fyrir hús (taka loftið að utan) fengist minni hávaði innan dyra. Hið sama gildir reyndar einnig um undirblásarann, sem nefndur var hér að framan.

Í stjórnherbergi mældust 69,2 dB (A) utanaðkomandi hávaði. Það er yfir þeim mörkum, sem sett eru um slík herbergi.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins, dagsettri 15. apríl 1992, segir:

„1. Eins og fram kemur í meðfylgjandi skýrslu um hávaðamælingar, sem gerðar voru í sorpeyðingarstöðinni 6. apríl sl., er við veruleg hávaðavandamál að etja.

2. Er því brýnt að hafa í huga við allar breytingar, endurbætur og lagfæringar á búnaði og húsnæði stöðvarinnar að leita jafnframt leiða til að draga úr hávaðamyndun og dreifingu svo sem unnt er. Minnt er á leiðbeiningarrit vinnueftirlitsins um leiðir til að draga úr og verjast hávaða.

3. Mjög nauðsynlegt er, að starfsmenn geri sér ljósa þá hættu, sem er á heyrnarskaða af völdum hávaða, og noti ævinlega heyrnarhlífur til að draga úr líkum á slíku tjóni, en það er ólæknandi.“

Samkvæmt vottorði Friðriks Páls Jónssonar læknis kom stefnandi fyrst á Heyrnar- og talmeinstöð Íslands 6. september 1988. Heyrnarmæling þá sýndi mjög mikla heyrnarskerðingu á hægri eyra, er var alldæmigerð fyrir heyrnarskemmd þá, er oft kemur fram eftir vinnu í mjög miklum hávaða til fjölda ára. Heyrn á vinstra eyra var mun betri og mynstur þar ekki dæmigert fyrir hávaðaskemmd, en engu að síður fær hann sjúkdómsgreininguna atvinnuheytnarþeyfa (DLA-Professionis 387.90(5)). Í vottorðinu kemur fram, að stefnandi hafi aftur komið í læknisskoðun og heyrnarmælingu 9. 11. 1989. Stefnandi hafi þá fundist heyrnin hafa versnað og sett þá rýrnun í samband við andlegt álag, er hann hafi orðið fyrir nokkrum mánuðum áður, er hann missti barnabarn sitt. Heyrnarpróf hafi sýnt verulega skerðingu í báðum eyrum, en áfram sé hægri eyra lakara. Stefnandi hafi komið aftur í heyrnarmælingu og læknisskoðun 10. 3. 1992. Heyrnarpróf þá hafi sýnt svipaða niðurstöðu og í nóvember 1989, en þó dálitla rýrnun á hátíðnisviði á vinstra eyra, en heldur betri útkomu á lágtíðnisviði á vinstra eyra. Hann hafi síðan komið aftur í mælingu og læknisskoðun 21. 9. 1992 og niðurstöður þá verið mjög svipaðar síðustu mælingu á undan.

Þá segir í vottorðinu, að niðurstaða verði sú, að heyrn stefnanda hafi versnað, frá því að hann kom fyrst í heyrnar- og talmeinstöðina 6. 9. 1988, einkum fram að mælingu nr. tvö, er gerð var 9. 11. 1989. Þá segir, að einnig sé ljóst samkvæmt skýrslu um hávaðamælingu, er gerð var í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja 6. 4. 1992, að hávaði þar hafi sums staðar verið mjög mikill og langt yfir hættumörkum, en almennt sé talið, að vinna í hávaða yfir 85 dB átta tíma á dag hafi í för með sér hættu á heyrnarskerðingu, en hávaði hafi mælst mestur þennan dag yfir 100 dB.

Það sé því augljóst, að heyrnarskerðingu stefnanda megi væntanlega að miklu leyti rekja til vinnu í hávaða, sem sé að minnsta kosti að nokkru leyti til komin á því tímabili, er hann vann í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja.

Í læknisfræðilegri álitsgerð Sigurðar Stefánssonar læknis um orsakatengsl á milli heyrnarskerðingar stefnanda og hávaðamengunar á fyrrum vinnustað hans hjá stefnda segir m. a., að hávaðamælingar í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja hafi sýnt verulegan hávaða þar og sums staðar langt yfir hættu-

mörkum fyrir heyrn, en auk þessa sífellda hávaða, fullyrði stefnandi, að skyndilegir dynkir og sprengingar hafi öðru hverju orðið í brennsluofni og það verið tilviljunum háð, hvort stefnandi hafi verið nálægt ofninum, og einnig, hvort eyrað sneri að. Lengst af muni stefnandi ekki hafa notað eyrnatappa eða hlífar.

Fyrsta heyrnarmæling, frá 6. 9. 1988, hafi sýnt nokkra heyrnarskerðingu vinstra megin, en verulega skerðingu á hægri eyra, og hafi stefnandi þá sagst vera farinn að finna fyrir heyrnarskerðingu og suði í eyrum. Næsta heyrnarmæling hafi verið 9. 11. 1989, og hafði heyrn þá versnað töluvert á báðum eyrum, en síðari mælingar, þar með talin hin síðasta, á Borgarspítalanum 11. 3. 1994, sýni svipaða útkomu og þá, þ. e. a. s. verulegt taugaheyrnartap á báðum eyrum með tónþröskuld um 40 desíbel á vinstra eyra (meðaltalsgildi fyrir 500, 1000 og 2000 rið), en hægri eyra mælist mun lakara eða með tónþröskuld í kringum 60 desíbel. Þar að auki sé léleg talgreiningarhæfni á hægri eyra, sem geri heyrnarskerðinguna mun tilfinnanlegri. Þumfingursregla sé, að þegar tónþröskuldur sé orðinn lakari en 30 – 35 desíbel, vaxi heyrnartækjaþörf hratt. Stefnandi hafi einnig stöðugt suði í eyrum, af fyrstu gráðu í vinstra eyra, þ. e. a. s. heyrri einungis, þegar kyrrt er í kring, en af annarri gráðu í hægri eyra, þ. e. a. s. alltaf meira eða minna heyrnlegt, en gleymist oft í dagsins önn.

Vegna þess, hve heyrnarskerðingin var mikil og í raun mun meiri á hægri eyra en hinu vinstra, hafi frekari rannsóknir verið gerðar til öryggis með hliðsjón af öðrum mögulegum orsökum en hávaða fyrir heyrnarskerðingunni. Hinn 11. 3. 1994 hafi stefnandi farið í svimapróf, sem sýnt hafi, að engin skemmd hafði orðið á jafnvægis hluta eyrna, og 24. 3. 1994 hafi verið tekin tölvusneiðmynd af heila til að útiloka æxli, og hafi hún komið eðlilega út.

Lokaorð álitsgerðarinnar eru þessi:

„Niðurstaða mín er sú, að telja verði vafalítið, að hávaðamengun í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja eigi að minnsta kosti verulega sök á heyrnarskerðingunni. Hve hratt skemmdin verður og að hún leggst misjafnlega þungt á eyrun, getur skýrst af því, að umfram verulegan, stöðugan, heyrnarskemmandi hávaða muni hafa orðið miklar sprengingar í brennsluofni, og kveðst Grétar þá stundum hafa staðið nærri. Slíkir háir hvellir og sprengingar geta verið mjög skemmandi fyrir eyru, og getur jafnvel eitt tilvik dugað til, að óendurkræfar skemmdir verði. Um leið og heyrninni hrakar, hægir á skemmdum, þ. e. skerðingin sjálf er eins konar innbyggð hávaðavörn.“

Aðila- og vitnaskýrslur fyrir dóminum.

Stefnandi, Grétar Guðjónsson, kvaðst hafa fundið til heyrnarskaða eftir 1½ árs starf hjá stefnda, og hafi það runnið upp fyrir sér eftir 1–2 ára starf þar, að heyrnarskerðinguna mætti rekja til starfa hjá stefnda, en vinna þar hafi verið mjög hávaðasöm. Kvaðst hann ekki hafa fundið fyrir heyrnarskerðingu, áður en hann réðst til starfa hjá stefnda. Hann kvað stefnda ekki hafa útvegað starfsmönnum heyrnarhlífur. Margir hávaðavaldar hafi verið á vinnustað, hávaðasamir blásarar, vökvatékkar o. þ. h. Þá hafi miklar sprengingar orðið. Í einni slíkri hafi til að mynda rifnað stokkur, sem flytur inn kalt loft. Þá hafi mikill hávaði fylgt hreinsun ofns vikulega. Þá hafi verið unnið við að hreinsa gjall úr ofninum, oft marga tíma í einu, og við það notuð hávær rafmagnstæki og stundum loftpressur. Heyrnarhlífur hafi ekki verið notaðar inni í ofninum, og hafi hann þá oft troðið salernispappír inn í eyrun. Einstaka sinnum hafi þó eyrnatappar verið til. Hann kvað starfsmenn hafa reynt að finna heyrnarhlífur í sorpgryfjunum til að nota. Þær hafi hins vegar verið hálfónýtar. Hann kvað hávaðann á vinnustaðnum ekki hafa getað dulist neinum.

Eftir slys í stöðinni í janúar 1990 hafi hins vegar verið keyptir nýir hjálmur með hlífum. Hann kvað engar merkingar hafa verið á vinnustað um notkun heyrnarhlífa, er hann hóf störf árið 1987, en eftir slysið 1990 hafi verið sett skilti á hurð um, að nota ætti heyrnarhlífur.

Hann kvað gerbreytingu hafa orðið í öryggismálum, eftir að Friðfinnur Einarsson hóf störf sem stöðvarstjóri. Friðfinnur hafi farið fram á, að menn notuðu heyrnarhlífur og eyrnatappa. Hann hafi þó ekki gert neinar ráðstafanir til að draga úr hávaða í stöðinni. Hann kvað heyrnarskaðann hafa haft mikil áhrif á daglegt líf sitt og minnkað atvinnumöguleika sína. Heyrnarskerðingin hafi stöðvast, eftir að hann fór að nota heyrnarhlífur reglulega eftir slysið í ársbyrjun 1990. Ekki gat hann gefið skýringu á því, hvers vegna hann tilkynnti yfirmönnum sínum ekki um heyrnarmælingar þær, sem hann fór í. Hann kvaðst þó hafa sagt þeim, að hann heyrði illa og að það stafaði af hávaða á vinnustað. Kvað hann hávaða hafa aukist eftir breytingar á stöðinni á þeim stað, þar sem komið er inn í vélasalinn, en hávaðinn hafi hins vegar verið svipaður og fyrr á þeim stað, þar sem hann vann að staðaldri. Hinn aukni hávaði við innganginn hafi stafað af fleiri blásurum og auknum afköstum blásara.

Vitnið Smári Baldursson starfaði hjá stefnda. Hann kvað sprengingar í ofni við og við, stöðugan nið svo og smelli og skelli frá tækjum, sem notuð voru við viðgerðir, hafa verið helstu hávaðavaldar á vinnustað. Þá hafi mikill hávaði verið inni í ofninum, er hann var hreinsaður að innan með raf-

magnsverkfærum og jafnvel loftpressu. Hann kvað heyrnarhlífar, sem fundist hafi í sorpgryfjum, hafa verið notaðar fyrstu árin, og það hafi ekki verið fyrir en eftir slys í stöðinni í janúar 1990, sem stefndi hafi útvegað starfsmönnum heyrnarhlífar, og eftir það hafi þær verið meira notaðar. Eldri hlífar hafi þó verið skárri en engar. Engar merkingar hafi verið á vinnustaðum, að nota ætti heyrnarhlífar. Oft hafi verið rætt um hávaðann og beðið um hlífar, en þá hafi mönnum verið bent á að nota þær hlífar, sem fundust í gryfjunum. Flestir hafi reynt að nota þær hlífar, m. a. við hreinsunina á ofninum. Eftir að mönnum voru útvegaðar andlitsgrímur til að nota við hreinsunina á ofninum, hafi ekki jafnhliða verið hægt að nota heyrnarhlífar, og hafi menn þá notað eyrnatappa. Harðar hafi verið tekið á öryggismálum, eftir að Friðfinnur Einarsson réðst til stöðvarinnar. Hann hafi lagt meiri áherslu á notkun heyrnarhlífa án þess þó að ganga eftir notkun þeirra. Hann kvað heyrnarhlífarnar, sem hirtar voru úr sorpgryfjunum, hafa verið ófullnægjandi. Hávaðann á vinnustað kvað hann ekki hafa farið fram hjá neinum. Ekki kvaðst hann hafa hugsað út í hugsanlegt heyrnartjón, er hann réðst til starfa í stöðinni, sig hafi vantað vinnu.

Vitnið Hjörtur Líndal, sem vann nokkur ár með stefnanda í Sjöstjörnni hf., áður en stefnandi réðst til stefnda, kvaðst ekki hafa orðið þess var, að stefnandi ætti þá við heyrnarskerðingu að stríða.

Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri stefnda, hóf störf hjá stefnda 1. desember 1988. Skrifstofa hans er ekki í stöðinni, en þangað kom hann þó nokkuð reglulega. Hann taldi öryggismál í stöðinni hafa verið með eðlilegum hætti. Hlíffarbúnaður hefði verið á staðnum, og reynt hefði verið að draga úr hávaða. Starfsmönnum hafi jafnan staðið öryggisbúnaður til boða. Hann kvað Vinnueftirlit ríkisins litlar athugasemdir hafa gert við öryggisástand í stöðinni og starfsmenn ekki kvartað við sig um skort á öryggisbúnaði. Hann taldi rekstrarbreytingar á stöðinni 1990-1991 hafa leitt til meiri hávaða. Um heyrnartjón stefnanda kvað hann stefnda fyrst hafa fengið kvörtun, er mál þetta kom upp. Hvorki stefnandi né aðrir starfsmenn hafi áður kvartað um slíkt. Starfsmönnum hafi frá upphafi verið gerð grein fyrir hættu á heyrnarskaða og brýnt fyrir þeim að fara eftir öryggisreglum. Eftir 1990 hafi verið lögð enn ríkari áhersla á notkun öryggisbúnaðar. Árið 1990 hafi verið lögð áhersla á að fá menntaðan vélstjóra sem stöðvarstjóra. Fyrri stöðvarstjórar hafi ekki verið iðn- eða tæknimenntaðir, en unnið sig upp í starfi. Hann kvaðst gera ráð fyrir því, að heyrnarhlífar hefðu verið tiltækar frá upphafi. Ekki kvað hann heilsufar starfsmanna hafa verið kannað, áður en þeir voru ráðnir til starfa. Þá kvað hann stefnanda ekki hafa greint stefnda frá þeim heyrnarmælingum, sem hann fór í.

Porgeir Örlygsson prófessor og Páll B. Helgason læknir staðfestu fyrir dóminum matsgerð sína á fjárhagslegri örorku stefnanda.

Læknarnir Friðrik Páll Jónsson og Sigurður Stefánsson staðfestu læknisvottorð sín fyrir dóminum. Fram kom hjá þeim báðum, að ólíklegt væri, að stefnandi hefði verið með fullkomlega eðlilega heyrn, er hann hóf störf hjá stefnda, með hliðsjón af því, hve fljótt hann varð fyrir heyrnarskaða. Eins mikið heyrnartjón og mældist hjá stefnanda árið 1988, gæti tæpast einvörðungu komið fram af völdum jafngildishávaða miðað við 8 stunda vinnudag, eins og fram hafi komið í hávaðamælingu 1992.

Vitnið Jens Sævar Guðbergsson var stöðvarstjóri stefnda fram í október 1987. Hann réð stefnanda til starfa. Hann kvað heyrnarhlífar hafa verið í stöðinni, en mundi ekki eftir eyrnatöppum. Hann kvað starfsmenn hafa notað heyrnarhlífar, þar sem mesti hávaðinn var. Meginhluti heyrnarhlífanna hefði verið frá frönskum verktökum, sem unnið höfðu við stöðina, en skilið þær eftir, er þeir héldu heim. Hann kvað gengið hafa verið eftir því, að menn notuðu hlífar við erfiðustu verkin, sérstaklega í gryfjunum. Ekki minntist hann þess, að á hurðum eða veggjum hefðu verið leiðbeiningar um notkun hlífa. Hann taldi heyrnarhlífar ekki hafa vantað, og hefði hann fengið að kaupa þær, ef svo hefði verið. Hlífarnar, sem Frakkar skildu eftir, hefðu verið í góðu ástandi.

Vitnið Pétur Pétursson starfaði hjá stefnda á árunum 1985 til 1990, fyrst sem aðstoðarmaður, síðan vaktstjóri og að lokum sem stöðvarstjóri. Hann kvað starfsmenn hafa fengið þær öryggishlífar og eyrnatappa, sem þeir þurftu. Heyrnarhlífar hefðu verið á staðnum, að hluta gengnar úr sér, og hefðu þá verið keyptir eyrnatappar. Hann kvað franska verktaka hafa skilið heyrnarhlífar eftir í stöðinni, er þeir héldu af landi brott. Þetta hefði verið góður útbúnaður. Hann minnti, að stefnandi hefði hváð mikið, en að hann hefði notað heyrnarhlífar og tappa. Hann kvað hafa verið dregið niður í sprengingum í brennsluofni, er líktust nú dynkjum í eyrum þeirra, sem stæðu utan við hann. Hann minntist þess hvorki að hafa fengið fyrirmæli frá stefnda um hávaðavarnir né fyrirmæli um hávaðamælingu á vinnustað eða heyrnarmælingu starfsmanna. Hlífðarbúnaður hafi verið á staðnum og einungis lagt að mönnum að nota hann, ef unnið var inni í katli, ekki endranær. Ekki hafi verið amast við notkunarleysi í annan tíma. Engar leiðbeiningar hafi hangið uppi um notkun heyrnarhlífa eða tappa, en hins vegar hafi leiðbeiningamappa frá vinnueftirliti verið á staðnum. Hann kvað notkun öryggishlífa hafa verið í samræmi við tíðarandann.

Vitnið Júlíus Baldvinsson hóf störf hjá stefnda í ágúst 1990. Hann kvað heyrnarhlífar og eyrnatappa hafa verið tiltæka, og hefði stöðvarstjórinn,

Friðfinnur, æðioft brýnt fyrir starfsmönnum að nota þær. Hávaða í stöðinni kvað hann hafa aukist í kjölfar breytinga árið 1992. Ekki kvað hann starfsmenn fá nú fyrirmæli um að fara í heyrnarmælingu. Friðfinnur Einarsson hefði þó hvatt menn til að fara í slíka mælingu, en ekkert heildarskipulag sé þó um þetta atriði í fyrirtækinu. Hann kvað úrbótum við hávaða hafa verið framfylgt, t. d. hafi loftinntök blásara verið færð út og dregið niður í blásurum. Þá hefðu hljóðgildrur verið settar á tvo blásara af fjórum. Hefði það verið gert árið 1995.

Vitnið Halldór Rúnar Pálsson starfaði hjá stefnda. Hann kvað helstu hávaðavalda hafa verið afgangblásara, kæliblásara, undirblásara og hristiband. Einnig hefði verið um að ræða óreglulega hávaðavalda, eins og þegar ofn var hreinsaður með loftpressu og rafmagnsfleygum. Hefðu menn þá troðið salernispappír inn í eyrun, en sett á sig andlitsgrímur til að hlífa augum. Þetta hefðu verið rykgrímur með mótör. Með þær á höfði hefði ekki verið unnt að nota heyrnarhlífar. Hann kvaðst hafa byrjað í stöðinni árið 1985, og hefði allur gangur verið á því, hvort til voru heyrnarhlífar eða ekki. Þær hefðu menn þurft að finna sér í sorpgryfjum. Það hefði ekki verið fyrr en eftir slys í stöðinni í janúar 1990, að hjálmur með heyrnarhlífum voru keyptir. Eftir það hefði allt breyst og hann m. a. fengið fyrsta hjálm sinn með heyrnarhlífum og öllu. Hann kannaðist ekki við að hafa fengið hjálm frá frönskum verktökum. Hann kvaðst hafa kvartað um hávaða og viljað fá nóg af heyrnarhlífum og töppum. Allt hefði þetta verið af skörnum skammti. Hugarfarsbreyting hefði hins vegar orðið hjá stefnda í þessum efnum árið 1990. Hefði Friðfinnur Einarsson stöðvarstjóri lagt meira upp úr öryggismálum en fyrirrennarar hans, t. d. hengt upp kassa með eyrnatöppum. Sjálfur kvaðst hann hafa orðið fyrir heyrnartjóni vegna starfa sinna hjá stefnda. Hann kvað breytingar á stöðinni 1991-1992 hafa valdið auknum hávaða. Árið 1993 kvaðst hann hafa verið rekinn úr starfi.

Friðfinnur Einarsson hóf störf sem stöðvarstjóri stefnda í október 1990. Hið fyrsta, sem honum hefði verið bent á, er hann kom til starfa, hefði verið, að þarna hengi hjálmur hans með heyrnarhlífum á snaga. Hann kvað alla starfsmenn hafa haft sams konar búnað. Þá hefðu einnig verið eyrnatappar, sem starfsmenn hefðu haft aðgang að. Hann kvaðst hafa hvatt menn til að nota heyrnarhlífar og eyrnatappa og sérstaklega verið tekið á slíku eftir hávaðaaukningu, sem varð í stöðinni eftir breytingar. Hávaðinn hefði verið mestur í vélasal. Hann kvað það mikla útloftun vera frá brennsluofni, að smásprenningar í honum ættu ekki að valda þrýstihöggi út í vélasal. Hann kvað fyrirmæli um notkun heyrnarhlífa og eyrnatappa í fyrstu hafa verið munnleg, en eftir almennar úrbætur á stöðinni hefðu skilti

um þetta verið hengd upp. Hávaðamælinguna 1992 kvað hann hafa verið gerða að sínu frumkvæði. Hann kvað til þess hafa verið ætlast fyrir hávaðamælinguna 1992 og breytingarnar á stöðinni fyrir þá mælingu, að menn notuðu heyrnarhlífar til að hafa vaðið fyrir neðan sig vegna hugsanlegs heyrnarskaða. En eftir þetta hefðu menn skilyrðislaust átt að nota þessar hlífar, en þá hefði verið ljóst orðið, að hávaðinn í stöðinni var skaðlegur heyrnanna. Hann lýsti nánar fyrir dóminum þeim breytingum, sem gerðar voru á stöðinni í tíð hans þar.

Vitnið Gestur Friðjónsson, umdæmisstjóri Vinnueftirlits ríkisins á Suðurnesjum, kom tvisvar í óformlegar heimsóknir í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja árin 1988 og 1989. Ekki hefði verið um eiginlegar eftirlitsferðir að ræða og því engar skýrslur gerðar. Hann kvaðst hafa séð starfsmenn að störfum með heyrnarhlífar.

V.

Jónas Hallgrímsson læknir mat varanlega örorku stefnanda af völdum heyrnarskerðingarinnar 11. apríl 1993. Í niðurstöðu hans segir, að stefnandi hafi heyrnarskerðingu, sem svari til rúmlega 35 desíbel á vinstra eyra og um 60 desíbel á hinu hægra. Varanlega örorku stefnanda vegna heyrnarskerðingarinnar, sem rakin hafi verið til starfa hans hjá stefnda, mat læknirinn 20%. Læknirinn staðfesti mat sitt fyrir dóminum.

Á grundvelli örorkumats læknisins svo og með hliðsjón af skattframtölum stefnanda reiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur 11. 5. 1993 höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda 3.835.400 kr. miðað við slysdag og höfuðstólsverðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna skerðingarinnar 6% af þeirri fjárhæð, 230.100 kr.

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 11. 5. 1993 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (1% á ári). Einfaldir sparisjóðsvextir frá slysdegi til útreikningsdags eru 0,95%. Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu árána 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir samskipti reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.

Að ósk stefnda voru þeir Þorgeir Örlygsson lagaprófessor og Páll B. Helgason læknir dómkvaddir til að meta fjárhagslega örorku stefnanda. Í niðurlagi matsgerðar þeirra segir: „Í stuttu máli er það heildarniðurstaða matsgerðar þessarar, að varanleg fjárhagsleg örorka matsþola af völdum heyrnarskerðingar sé til frambúðar hæfilega áætluð að meðaltali 15% – fimmtán af hundraði.“

Stefnufjárhæð sundurliðar stefnandi á eftirfarandi hátt:

Varanleg örorka	kr.	3.835.400
Töpuð lífeyrisréttindi	–	230.100
Miskabætur	–	700.000
Kostnaður vegna örorkumats	–	28.400
Kostnaður vegna tjónsútreiknings	–	16.185
Kostnaður við álitsgerð	–	15.000
Kostnaður vegna læknisvottorðs	–	2.400
		<hr/>
Samtals	kr.	4.827.485

VI.

Helstu málsástæður stefnanda.

„Bótakröfu sína reisir stefnandi á því, að stefndi beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans af völdum heyrnarskerðingar, sem hlaut af hávaða á vinnustað hans hjá stefnda. Skaðabótaábyrgð stefnda er rökstudd með því, að hávaði í starfsemi sorpeyðingarinnar var yfir löglegum mörkum og fyrirsvarsmönnum stefnda kunnugt um það, en létu undir höfuð leggjast að draga úr hávaðanum þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir yfirvalds til þeirra um lagfæringar.

Þá er vísað til þess, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi ekki hlutast til um að útvega starfsmönnum viðeigandi hlífðarbúnað, fyrr en eftir að tjónið varð. Með þessari háttsemi hafi þeir sýnt af sér gáleysi.

Það er óumdeilt og kemur fram af margendurteknum athugasemdum Vinnueftirlits ríkisins, að hávaðamengun á vinnustað stefnanda hjá stefnda var hin sama, þegar hann hóf störf 1987 og þegar hávaðamæling fór fram í apríl 1992, en um það leyti lét hann af störfum hjá stefnda. Það liggur því fyrir, að stefnandi vann við hávaða yfir leyfilegum mörkum. Þá liggur fyrir, að skorað var á fyrirsvarsmenn stefnda, bæði áður en stefnandi hóf störf og meðan hann starfaði hjá stefnda, að ráða bót á hávaðamengun á vinnustaðnum. Ljóst er, að fyrirsvarsmönnum var eða mátti a. m. k. vera kunnugt um áskoranirnar, en þeir hafa undirritað allar eftirlitsskýrslur Vinnueftirlits ríkisins. Engu að síður létu þeir undir höfuð leggjast að framfylgja þeim. Hefði áskorunum verið fylgt eða stefnanda útvegaður hlífðarbúnaður, hefði heyrnarskerðing stefnanda ekki orðið. Eru fyrirsvarsmenn stefnda því beint valdir að tjóni stefnanda. Ber stefndi því sakar-ábyrgð á tjóni stefnanda vegna þessa gáleysislega athafnaleysis fyrirsvarsmanna og eftir atvikum á grundvelli húsbóndaábyrgðarreglunnar vegna athafna annarra starfsmanna, t. d. verkstjóra.

Bótaábyrgð stefnda er ótvíræð, enda er ekki annarri tjónsorsök til að dreifa. Orsakatengsl milli óleyfilegs hávaða á starfsstöð stefnda og heyrnarskerðingar stefnanda eru staðfest í gögnum málsins, læknisvottorðum Frið-

riks Páls Jónssonar og Sigurðar Stefánssonar og örorkumati Jónasar Hallgrímssonar.

Fjárhæð bótakröfunnar er einkum reist á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings og örorkumati Jónasar Hallgrímssonar lækni svo og læknisvottorðum Friðriks Páls Jónssonar og Sigurðar Stefánssonar lækna. Að því er varðar bætur vegna skertra lífeyrisgreiðslna, eru þær miðaðar við það, að framtíðartekjutap stefnanda muni valda því, að hann fái ekki notið framlags frá atvinnurekanda í lífeyrissjóð í sama mæli og annars. Framangreindur útreikningur á bótakröfu og gögn hafa verið lögð til grundvallar niðurstöðum dómstóla í áratugi. Tekjuviðmiðun í tjónsútreikningi er samkvæmt meðaltali þriggja ára tekna.

Fjárhæð miskabóta er studd því, að heyrnarskerðingin hefur valdið stefnanda verulegum þjáningum og óþægindum. Vegna hennar hefur hann átt í erfiðleikum með samskipti við annað fólk. Þetta hefur valdið miklu andlegu álagi á stefnanda og leitt til einangrunar hans. Nánast stöðugt suð er í eyrum stefnanda, og hann hefur átt erfitt með svefn af þessum sökum. Ljóst er, að hann á eftir að líða þjáningar vegna þessa um alla framtíð.

Sá hluti stefnufjárhæðar, sem byggist á útlögðum kostnaði, styðst við reikninga.

Tilvísanir til lagaákvæða.

Skaðabótaábyrgð stefnda fer eftir almennu sakarreglunni og eftir atvikum eftir reglunni um húsbóndaábyrgð. Sök fyrirsvarsmanna jafngildir sök lögaðila, og sök annarra starfsmanna leiðir til bótaábyrgðar á grundvelli reglunnar um húsbóndaábyrgð.

Jafnframt er vísað til almennra reglna skaðabótaréttarins um útreikning bótafjárhæða, sem mótast hafa af niðurstöðum dómsmála í tímans rás.

Krafa um vexti er reist á II. og III. kafla laga nr. 25/1987, einkum 7. gr., 10. gr., 12. gr. og 15. gr. þeirra laga.

Málskostnaðarkrafan styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991.“

VII.

Helstu málsástæður stefnda.

„Stefndi gerir aðalkröfu um sýknu í máli þessu með vísan til þess, að ekki sé um að ræða sök af hálfu stefnda eða nokkurs, sem starfi á hans vegum, er leiði til ábyrgðar samkvæmt reglu um húsbóndaábyrgð. Sýknukrafa er studd því, að ekki séu og/eða ósönnuð séu með öllu orsakatengsl milli tjóns stefnanda og vinnu hans hjá stefnda, sem og, að raunverulegt heyrnartjón stefnanda sé ekki sennileg afleiðing af störfum hans í þágu stefnda. Þá er vísað til reglna skaðabótaréttar um samþykki og áhættutöku.

Stefnandi kveður sök stefnda felast í tvennu, annars vegar því að hafa

ekki lagt starfsmönnum til heyrnarhlífar og hins vegar að hafa ekki sinnt tilmælum Vinnueftirlits ríkisins um úrbætur. Stefndi hafnar því, að um sök sé að ræða. Vísað er til þess, að ætíð hafi legið frammi heyrnarhlífar í stöðinni og brýnt fyrir starfsmönnum að nota þær. Það hafi sumir starfsmenn sannanlega gert. Í málinu liggur fyrir, að notkun heyrnarhlífa kemur fullkomlega í veg fyrir heyrnarskaða við þær aðstæður, sem eru á vinnustaðnum, miðað við mælingar Sigurðar Karlssonar árið 1992. Þá hefur ekkert komið fram, er rökstyðji það, að stefndi hafi almennt í engu sinnt tilmælum Vinnueftirlits ríkisins, og ljóst er jafnframt, að fram lögð tilmæli (1984) og hugsanlegt sinnuleysi vegna þeirra, sem fram hafi komið hugsanlega fyrir heyrnarskaða stefnanda, hafa ekki þýðingu í máli þessu, með vísan til þess, að þótt öll þau atriði, sem vinnueftirlitið krefst lagfæringar á í skýrslu 1984, hefðu verið lagfærð daginn eftir, hefði það engu breytt um heyrnarskaða stefnanda, þar sem tjón hans verður án tillits til annars augljóslega ekki rakið til þeirra atriða. Því er jafnframt mótmælt, sem stefnandi heldur fram, að forsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt, að hávaði í stöðinni hafi verið yfir leyfilegum mörkum. Auðvitað átti öllum að vera ljóst, að verulegur hávaði hefur alltaf verið og verður í þessari stöð sem öðrum sambærilegum, en staðhæfing um, að menn hafi vitað, að umræddur hávaði hafi verið yfir leyfilegum mörkum, eða um það, hvort hann hafi í raun verið yfir slíkum mörkum fram til ársins 1990, á sér enga stoð í gögnum málsins, þó að augljóst megi vera, að þessi vitneskja liggur fyrir árið 1991, en þá er umrætt heyrnartjón þegar orðið. Í máli þessu liggur þannig ekki fyrir slíkt saknæmt gáleysi, að leiði til bótaskyldu stefnda.

Jafnvel þótt lítið yrði svo á, að um sök sé að ræða hjá eða á ábyrgð stefnda, beri að sýkna hann á grundvelli reglna um orsakatengsl. Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir orsökum tjóns síns og orsakatengslum. Ósannað er með öllu, hver hávaðinn var í sorpeyðingunni, þegar umræddur heyrnarskaði á að hafa orðið, en hins vegar liggur fyrir, að eftir að hávaði í stöðinni eykst árið 1990, verður engin merkjanleg breyting á heyrn stefnanda. Jafnframt liggur fyrir það mat lækna, að rekja megi þróun heyrnarskaða stefnanda sem og mun á vinstra og hægri eyra, þ. e. orsök skaðans, til atburðar, sem ekkert liggur fyrir um í máli þessu og hefur getað hent stefnanda, hvernær og hvar sem er, ásamt raunar ætluðum áhrifum andlegs álags, sem stefnandi varð fyrir. Þá er því haldið fram af stefnda, að stefnandi hafi þegar við ráðningu sína hjá stefnda verið verulega heyrnarskertur. Það eitt felur augljóslega í sér, að sýkna beri stefnda.

Hér koma einnig til sjónarmið um sennilega afleiðingu, sem leiða eiga til sýknu. En af dómskjali nr. 7 verður ekki annað ráðið en heyrnarskaði

stefnanda, eins og hann kemur fram og áður er fjallað um, geti ekki talist sennileg afleiðing af jafngildishávaða í sorpeyðingarstöðinni, eins og hann er árið 1992, heldur er leitað skýringa í skyndilegum atburðum öðrum.

Ef lítið yrði svo á, að heyrnarskaði stefnanda væri til kominn vegna starfa hans hjá stefnda, eins og haldið er fram af stefnanda, telur stefndi engu að síður, að sýkna beri í málinu með vísan til þess, að stefnandi notaði ekki tiltækar heyrnarhlífur. Hin ætlaða tjónsorsök í máli þessu er með þeim hætti að mati stefnda, að stefnandi hafi mátt gera sér grein fyrir því við upphaf starfs síns hjá stefnda, að hugsanleg hættu gæti verið á heyrnarskaða, ef ekki væru notaðar hlífur. Í starfslýsingu, sem stefnandi undirritar, er þannig tiltekið sérstaklega um hávaða á vinnustaðnum.

Við ráðningu sína til stefnda tekur stefnandi því strax áhættu, sem hann eykur enn frekar með því að nýta sér ekki tiltækar hlífur. Þá hreyfir stefnandi aldrei nokkrum mótmælum við ætluðum skorti eða ónógri notkun öryggisbúnaðar og nýtir sér hann ekki sjálfur og það þrátt fyrir það að hafa um langt skeið verið sá aðili, sem átti að sjá um þessi mál f. h. stefnda. Þessi vogun stefnanda leiðir til sýknu að mati stefnda.

Varakrafa stefnda er annars vegar á því reist, að eigin sök stefnanda leiði til þess, að hann beri hluta af tjóni sínu sjálfur, og hins vegar á því, að umkrafín fjárhæð sé allt of há, þrátt fyrir það að fallist verði að fullu á bóta-grundvöll.

Saknæmt gáleysi stefnanda sjálfs er í raun orsök tjónsins, þar sem fyrir liggur í málinu, að notkun heyrnarhlífa kemur í veg fyrir heyrnartjón, sem annars gæti orðið miðað við hávaðamælingu 1992. Það, að stefnandi fór ekki eftir tilmælum yfirmanna sinna, sem og, að stefnandi var sjálfur í samtals sextán mánuði sá aðili, sem bar f. h. stefnda ábyrgð á notkun heyrnarhlífa á vinnustað, sýnir enn frekar gáleysi hans. Einnig verður að teljast með hreinum ólíkindum, að stefnandi gerði aldrei athugasemdir vegna hins ætlaða skorts á hlífðarbúnaði í stöðinni og það þrátt fyrir það að hann hafi snemma í störfum sínum orðið fyrir heyrnarskaða, eins og haldið er fram. Þessi atriði leiða ótvírætt til þess að mati stefnda, að skipta beri sök í málinu að mati dómsins, verði ekki fallist á sýknukröfu.

Umkrafða fjárhæð í stefnu telur stefndi í engu samræmi við það fjárhagslega tjón, sem ætla má, að stefnandi hafi orðið fyrir vegna heyrnarskaðans. Stríðir kröfugerðin að mati stefnda gegn þeirri meginreglu skaðabótaréttarins, að tjónþoli skuli ekki hagnast vegna bótaskylds atburðar. Stefndi telur, að fjárhagslegar afleiðingar heyrnarskaðans verði ekki metnar á læknisfræðilegum forsendum út frá örorkumati á dómskjali 8 eða líkindaútreikningi á dómskjali 9. Fram lagðar skattskýrslur stefnanda veita ekki vísbend-

ingar um, að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna skaðans, sbr. framtal ársins 1994. Vert er að benda á, að heyrnarskaði stefnanda var ekki á nokkurn hátt ástæða þess, að honum var sagt upp störfum hjá stefnda, eins og fram kemur í fram lögðum viðvörðunar- og uppsagnarbréfum. Stefndi mun við framlagningu greinargerðar í samræmi við ofangreint því óska þess, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir matsmenn til að leggja mat á það, hver „fjárhagsleg örorka“ stefnanda raunverulega er vegna heyrnarskaðans.

Hvort sem niðurstaða í slíku mati til lækkunar verður lögð til grundvallar eða 20% læknisfræðileg örorka stefnanda, telur stefndi, að taka beri í báðum tilvikum tillit til eftirfarandi atriða við ákvörðun bótafjárhæðar til lækkunar. Þannig er þess krafist, að tekið verði í samræmi við ótal fordæmi fullt tillit til skattfrelsis bóta sem og hagræðis vegna eingreiðslu, allt að 45% af viðmiðunarhöfuðstól miðað við tekjur stefnanda. Miskabótakröfu er sérstaklega mótmælt sem allt of hárrí, bæði almennt séð miðað við dómvenju, en einnig m. t. t. tilgreindra röksemda stefnanda með henni, sem eru með öllu ósannaðar. Þá verður og að telja og er við það miðað, að í niðurstöðu örorkumats, sbr. dómskjal 8, sé innifalinn miski.

Umkröfðum upphafstíma dráttarvaxta er mótmælt af hálfu stefnda og þess krafist, að krafan beri einungis dráttarvexti frá og með uppkvaðningu dóms eða í fyrsta lagi frá málshöfðunardegi, sem er 10. ágúst 1994.

Helstu lagarök.

Vísað er til ólögfesta meginreglna skaðabótaréttarins, almennu sakarreglunnar, reglna um orsakatengsl og vávæni, samþykki og áhættutöku.

Í varakröfu er að auki vísað til sjónarmiða um eigin sök tjónþola sem og meginreglunnar „compensatio lucri cum damno“.

Þá er vísað til IV. kafla laga nr. 46/1980, einkum undirkafla b og c.

Um málskostnað er vísað til 1. mgr. og eftir atvikum 3. mgr. 130. gr., sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991. Málskostnaðar er krafist skv. mati dómsins, en stefndi áskilur sér rétt til að leggja fram reikning á síðari stífum.“

Niðurstaða.

Fram hefur komið í máli þessu, að forverar Friðfinns Einarssonar í starfi stöðvarstjóra hjá stefnda voru ekki tæknimenntaðir frekar en stefndi, en höfðu öðlast starfsframa sinn vegna undangenginnar vinnu við stöðina. Fátt bendir til þess, að stefndi hafi séð þessum stöðvarstjórum frekar en öðrum starfsmönnum fyrir þeirri hvatningu og uppfræðslu um vinnuverndarmál, er hæfði svo tæknilega flóknu fyrirtæki sem þeim var ætlað að stjórna. Ekki verður séð, að fram hafi farið skipulagðar og markvissar varnaraðgerðir í þessum efnum af hálfu stefnda fyrr en um það leyti, sem Friðfinnur Einarssonur

son, sem var vélstjóramenntaður, tekur við starfi stöðvarstjóra, setur reglur og tryggir aðgang starfsmanna að hlífðarbúnaði og skyldar starfsmenn til að nota hann. Telja verður ósannað, að starfsmönnum hafi staðið til boða fullnægjandi hlífðarbúnaður fram til þess, að slys varð í stöðinni í janúar 1990, eða að mönnum hafi verið gert skylt að nota slíkan búnað að staðaldri fyrir þann tíma.

Áður en rekstrarbreytingar urðu í ofnhúsi í byrjun árs 1991, fóru engar hávaðamælingar fram í fyrirtækinu. Því liggur ekki ljóst fyrir, hver hávaðinn var fyrir breytingarnar. Hávaðamæling árið 1992 sýnir hávaða yfir leyfilegum mörkum, og verður við það að miða, að svo hafi einnig verið fyrir breytingarnar. Verður stefndi að bera hallann af því að hafa ekki tryggt sér sönnun um hið gagnstæða með hávaðamælingu.

Ekki er ljóst, hvernig heyrn stefnanda var háttað, áður en hann hóf störf hjá stefnda. Hann var ekki heyrnarmældur, áður en hann hóf þar störf, eins og æskilegt hefði verið að gera, einkum með tilliti til þess, hve hávaðasamur vinnustaðurinn var. Þótt ólíklegt megi telja, að stefnandi hafi verið eðlilega heyrandi á báðum eyrum og einkum og sér í lagi hægra eyra, er hann réðst til stefnda, er það engu að síður óyggjandi staðreynd, að heyrn hans versnar verulega á báðum eyrum fyrstu 2–3 árin í starfi hans hjá stefnda, en hélst síðan að mestu óbreytt. Það, að heyrn hans hættil að versna, verður ekki talin nein tilviljun, þegar til þess er litið, að í kjölfar slyss í stöðinni í janúar 1990 er farið að gera meiri kröfur til þess, að starfsmenn noti hlífur til verndar heyrn sinni, og slíkar hlífur keyptar og að við ráðningu nýs stöðvarstjóra í október 1990 eru gerðar verulegar endurbætur á öryggis- og umhverfismálum stöðvarinnar og starfsmönnum í enn meira mæli gert að nota hjálma, heyrnarhlífur og öryggisskó. Einsýnt þykir, að þá eru öryggismál í fyrsta skipti tekin föstum tókum hjá stefnda, bæði hvað varðar hávaðavernd og skyldur atvinnurekanda til að fylgja eftir settum reglum um hávaðavarnir.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn, að meginorsök heyrnarskaða stefnanda megi rekja til starfa hans hjá stefnda fyrstu 2–3 árin í hávaða, sem var yfir leyfilegum mörkum og skaðlegur heyrn manna, sem ekki voru með fullnægjandi heyrnarhlífur að staðaldri. Sök stefnda á tjóni stefnanda er á því byggð, að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi mátt vera ljós sú hætta, sem heyrn starfsmanna stafaði af hávaða á vinnustaðnum, stefndi hafi sannanlega ekki séð starfsmönnum fyrir viðhlítandi öryggishlífum fyrir en eftir slys í stöðinni í lok janúar 1990, ekki sinnt fræðslu- og leiðbeiningarskyldum sínum á þessu sviði sem skyldi og látið undir höfuð leggjast að hlutast til um hávaðamælingar á vinnustað og heyrnarmælingar starfs-

manna, eins og eðli starfseminnar gaf þó fullt tilefni til og lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglur um heyrnareftirlit starfsmanna mæla fyrir um.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn stefnda bera skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi hefur orðið fyrir vegna heyrnarskerðingarinnar.

Á hinn bóginn er til þess að líta, að stefnandi gerði sér strax grein fyrir því, að um hávaðasaman vinnustað var að ræða. Hann fór að finna fyrir skertri heyrn eftir tæplega eins árs starf og lét mæla heyrn sína í nokkur skipti, sem staðfesti heyrnarskerðingu hans. Stefnandi greindi yfirboðurum sínum ekki frá þessum mælingum. Það bar stefnanda að gera. Þá mátti ætlast til þess, að stefnandi aðhefðist eitthvað sjálfur í því skyni að vernda heyrn sína, því að hann hefur upplýst, að hann hafi rakið heyrnartap sitt til starfa sinna hjá stefnda. Verður því að telja, að stefnandi beri sjálfur sök á heyrnarskerðingu sinni að hluta, og þykir því eftir atvikum og með hliðsjón af óvissuþáttum í málinu rétt, að stefnandi beri tjón sitt sjálfur að einum þriðja hluta, en stefndi að tveimur þriðju hlutum.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á örorkumati Jónasar Hallgrímssonar lækni, sem mat varanlega örorku stefnanda 20%. Því læknisfræðilega mati hefur ekki verið hnekk.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að miða eigi við mat dómkvaddra matsmanna á fjárhagslegri örorku stefnanda, sem þeir mátu 15%.

Í dómi Hæstaréttar 20. desember sl. í máli nr. 201/1994 segir:

„Í úrlausnum dómstóla um verðmæti tapaðra framtíðartekna vegna örorku hefur almennt verið litið til læknisfræðilegrar örorku og hún höfð til hliðsjónar við ákvörðun örorkubóta. Eigi eru forsendur til að víkja frá þeirri hefðbundnu aðferð, svo sem máli þessu og sönnunargögnum er hátt að.“ Með vísan til þessa fordæmis og þess, hvornig máli þessu er hátt að, er því hafnað, að miðað verði við framangreint mat dómkvaddra matsmanna á fjárhagslegri örorku stefnanda.

Stefnandi reisir kröfu sína um bætur fyrir varanlega örorku og töpuð lífeyrisréttindi á líkindareikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings. Á grundvelli örorkumats Jónasar Hallgrímssonar lækni svo og með hliðsjón af skattframtölum stefnanda reiknaði tryggingastærðfræðingurinn 11. 5. 1993 höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda 3.835.400 kr. miðað við slysdag og höfuðstólsverðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna skerðingarinnar 6% af þeirri fjárhæð, 230.100 kr.

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 11. 5. 1993 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (1% á ári). Einfaldir sparisjóðsvextir frá slysdegi til útreikningsdags

eru 0,95%. Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áráanna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.

Með hliðsjón af líkindareikningnum og hagræði af eingreiðslu og skattfrelsi bóta telst óbætt tjón stefnanda vegna heyrnarskaðans hæfilega metið 2.900.000 krónur.

Tjón stefnanda vegna tapaðra lífeyrisréttinda telst vera 230.100 krónur.

Óbætt tjón stefnanda samkvæmt þessu nemur þannig 3.130.100 krónum.

Miski stefnanda vegna heyrnartjónsins er tilfinnanlegur fyrir stefnanda, og þykja bætur vegna hans hæfilega ákveðnar 200.000 krónur. Samkvæmt þessu verður stefnda gert að greiða stefnanda tvo þriðju hluta ofangreindra bótafjárhæða, samtals 2.220.000 krónur, með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Krafa stefnanda vegna kostnaðar við örorkumat, tjónsútreikning, álitsgerð og læknisvottorð, samtals 61.985 krónur, verður dæmd sem hluti málskostnaðar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 400.000 krónur, þar með talinn útlagður kostnaður stefnanda, 61.985 kr., og 24,5% virðisaukaskattur af málflutningsþóknun.

Mál þetta var áður munnlega flutt og dómtekið 27. nóvember sl. Vegna embættisanna dómara náðist eigi að kveða upp dóm fyrir síðustu jól, og er þinghald skyldi heyja eftir síðustu áramót til uppkvaðningar dóms eftir atvikum, hafði annar meðdómenda veikt og var forfallaður vegna veikinda, þar til málið var endurupptekið 28. febrúar sl. Var málið endurflutt 6. þessa mánaðar, eftir að tekin hafði verið skýrsla af vitninu Gesti Friðjónssyni, starfsmanni Vinnueftirlits ríkisins. Dómsuppsögu, sem fyrirhuguð hafði verið 14. þessa mánaðar, var frestað til dagsins í dag vegna utanferðar annars meðdómenda.

Dóm þennan kveða upp Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari og meðdómsmennirnir Magnús Stephensen tæknifræðingur og Stefán Skaftason prófessor, dr. med.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, greiði stefnanda, Grétari Guðjónssyni, 2.220.000 krónur með 1% ársvöxtum frá 31. 5. 1992 til 11. 5. 1993, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 11. 6. 1993, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

4160

Stefndi greiði stefnanda 400.000 krónur í málskostnað, þar með talinn útlagður kostnaður stefnanda, 61.985 kr., og 24,5% virðisauka-skattur af málflutningsþóknun.
